

Akureyri, 20. mars 2020

## **Flutningsjöfnun flugvélaeldsneytis lykilatriði fyrir alþjóðaflug um Akureyri og Egilsstaði**

Undirritaður er í forsvari nokkurra fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu sem kanna um þessar mundir til hlítar grundvöll fyrir því að hefja beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll til áfangastaða í Evrópu, þegar aðstæður á flugmarkaði batna eftir núverandi COVID-ástand.

Upptökusvæði Akureyrarflugvallar er um 45-50.000 manns, eða svipað og íbúafjöldi Færeyja, hvaðan 2-9 millilandaflug eru á dag. Miðað við tölur Ferðamálastofu um ferðavenjur Íslendinga 2010-2019 mætti hóflega áætla að grundvöllur væri fyrir 8 flugum í viku, enda sé ferðahegðun á Norður- og Austurlandi áþekk landsmeðaltali. Þá gefa flug Transavia og Super Break undanfarin ár til kynna að markaður sé til staðar fyrir flug frá meginlandi Evrópu og Bretlandseyjum.

Um þessar mundir standa yfir rannsóknir og umleitanir erlendis. Fyrstu vísbendingar eru að markaður erlendis sé til staðar og ferðavilji heimamanna sé ríkur.

Unnið hefur verið að því að einhverju marki að markaðssetja áfangastaðinn Norðurland og Akureyrarflugvöll sem aðra gátt inn í landið. Það er jafnframt yfirlýst stefna stjórnvalda að vinna að því markmiði til að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um Ísland og skapa skilyrði til atvinnuuppbyggingar og jöfnun atvinnutækifæra um allt land.

Akureyrarflugvöllur hefur verið settur í forgrunn til að ná fram þessum markmiðum. Flugþróunarsjóður var stofnaður til þess að skapa hvata fyrir flugrekendur til að fljúga beint til Akureyrar eða Egilsstaða, en auk þess hefur Isavia sett upp afsláttarkerfi af sínum gjöldum fyrir beint millilandaflug inn á þessa flugvelli.

Þessir hvatar vega samt sem áður lítið í samanburði við þá staðreynd að það kostar mörg hundruð þúsund krónum meira að fylla á eldsneyti á Akureyri og Egilsstöðum fyrir ferð til Evrópu og því augljóst að allar aðrar aðgerðir hverfa í skuggann af beinu óhagræði við eldsneytiskaup á Egilsstöðum eða Akureyri. Arðsemi í millilandaflugi er með þeim hætti að heimagert óhagræði er í reynd samkeppnishamlandi.

Staðan er skökk í samanburði við Keflavíkurflugvöll og til þess fallin að fæla flugrekendur frá flugi til annarra flugvalla en Keflavíkur.

Það hlýtur að vera markmið stjórnvalda að leiðrétta aðstöðumun á alþjóðaflugvöllum landsins með því að fella flugvélaeldsneyti undir lög um flutningsjöfnun með einum eða öðrum hætti. Virkja þannig hvatana sem Flugþróunarsjóði var ætlað að skapa, bæta skilyrði til atvinnuuppbyggingar og styðja í leiðinni við byggð í öllu landinu og jafnari nýtingu landsins.

Virðingarfyllst,

Porvaldur Lúðvík Sigurjónsson

framkvæmdastjóri Circle Air